

Fundargerð

238. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í Þingmúla Valaskjálfi fimmtudaginn 1. mars 2018 kl. 16:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

Dagskrá:

1. Innkomin erindi
2. Dagskrá aðalfundar
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi

1. Innkomin erindi

a) Lögð fram ódagsett drög að bréfi til Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra **“Beiðni um fund um mörk dreifbýlisgjaldskrár raforku á Fljótsdalshéraði og um regluverk raforkulaga þar um.”**

Stjórn HEF ehf. er einróma um mikilvægi þessa málefnis og að bréfið verði sent. Stjórn telur æskilega að óskað verði eftir samstarfi við fulltrúa sveitarfélagsins við eftirfylgni málsins.

b) Lagt fram kærubréf fyrir hönd HEF ehf dags 27. febrúar 2018 ritað af Jóni Jónssyni hrl. hjá Sókn lögmannsstofu vegna ákvörðunar Orkustofnunar varðandi gjaldskrá RARIK ohf. um afmörkun dreifbýlisgjaldskrár á iðnaðar- og athafnasvæði við Fellabæ.

2. Dagskrá aðalfundar

Farið yfir dagskrána og þær tillögur sem fram verða bornar.

3. Önnur mál

a) Engin

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 16:45.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson